

Norrænt sjónvarpssamstarf í blóma

Aldrei fyrr hafa norrænir ríkisfjölmiðlar í almannajónustu framleitt jafnmikið af leiknu efni í sameiningu og árið 2019. Að meðaltali var frumsýnd ný leikin þáttaröð fyrir fullorðna í hverjum mánuði og nýjum leiknum þáttaröðum fyrir börn og unglinga fjölgaði einnig verulega. Og þróunin heldur áfram.

Árið 2019 höfðu sjónvarpsáhorfendur á Norðurlöndum aðgang að meira úrvali leikins sjónvarpsefnis en nokkru sinni fyrr. Þetta er niðurstaða ársskýrslu Nordvision, samstarfsvettvangs norrænna ríkisfjölmiðla í almannajónustu, sem birt verður á morgun.

Á síðastliðnu ári voru frumsýndar tólf leiknar þáttaraðir í Nordvision-löndunum fimm, innan ramma Nordic12-samstarfsins svokallaða sem skuldbindur ríkisreknu almannajónustumiðlana fimm til að framleiða samtals 12 þáttaraðir á hverju ári og gera þær aðgengilegar í streymisþjónustu í að minnsta kosti eitt ár eftir frumsýningu. Þetta á til dæmis við um þáttaraðirnar „Heimavöllur 2“ frá NRK, „Sveitasæla“ frá DR, „Pabbahelgar“ frá RÚV og „Systur 1968“ frá SVT.

Árið 2020 verða sömuleiðis 12 nýjar þáttaraðir frumsýndar, þar á meðal „22. júlí“ frá NRK, nýja spennuþáttaröðin „Paradís“ frá finnska YLE, „Dejta“ frá SVT sem frumsýnd verður í Svíþjóð í lok febrúar 2020, „Ráðherrann“ frá RÚV og „Þegar rykið sest“ frá DR.

„Um árabíl hefur leikið sjónvarpsefni frá norrænu almannajónustumiðlunum notið mikillar hylli á alþjóðavísu og unnið til fjölda verðlauna. Með skuldbindandi, stefnumótandi samstarfi tryggjum við að Norðurlandabúar geti speglað sig í öllu því sem er sameiginlegt eða ólíkt í norrænni menningu og þjóðum þannig upp á valkost við það mikla framboð erlends sjónvarpsefnis sem í boði er. Og þannig mun það verða í mörg ár til viðbótar,“ segir Øyvind Lund, stjórnarformaður Nordvision og framkvæmdastjóri miðla hjá NRK.

Ungir sjónvarpsáhorfendur hafa sömuleiðis getað valið á milli 12 leikinna þáttaraða auk fimm heimildarþáttaraða. Það er umtalsverð aukning því til samanburðar má nefna að samstarfið gat aðeins af sér tvær leiknar þáttaraðir fyrir ungmenni árið 2017.

Um leið er þetta til marks um að ríkisreknu sjónvarpsstöðvunum hafi tekist að ná til þessa spennandi unga markhóps.

„Það er ekkert leyndarmál að sjónvarpsstöðvarnar í Nordvision-samstarfinu hafa löngum átt erfitt með að ná til ungs fólks. Það er lítill vafi á því að það var mikil velgengni unglingsþáttanna SKAM frá NRK sem sýndi okkur öllum fram á að það væri hægt að fá ungt fólk til að horfa á ríkisreknu sjónvarpsstöðvarnar – og streymisþjónustur þeirra,“ segir Henrik Hartmann, framkvæmdastjóri Nordvision, sem spáir því að þróunin haldi áfram á sömu braut þar sem 17 nýjar þáttaraðir fyrir unglinga séu þegar á teikniborðinu árið 2020.

Sömu sögu er að segja af gerð leikins efnis fyrir börn. Gerðar voru þrjár norrænar þáttaraðir fyrir börn auk fimm teiknaðra þáttaraða áður en árið var á enda.

Hlekkur á ársskýrslu

Nánari upplýsingar veitir Henrik Hartmann í síma +45 2424 8305 eða með tölvupósti: hrh@dr.dk

Staðreyndir:

Fyrir fullorðna (N12): 12 leiknar þáttaraðir – 57 klukkustundir og 51 þáttur

Fyrir unglinga: 12 þáttaraðir fyrir unglinga auk 5 heimildarþáttaraða – samtals 82 klukkustundir og 121 þáttur

Fyrir börn: 13 leiknar þáttaraðir fyrir börn auk 5 teiknaðra þáttaraða / heimildarþáttaraða – samtals 168 klukkustundir / 293 þættir

Um Nordvision

Nordvision er samstarfsvettvangur norrænu almannajónustumiðlanna til að efla almannajónustu á Norðurlöndum. Meðlimirnir eiga samstarf um framleiðslu á efni, skiptast á efni, þróa efni í sameiningu og deila þekkingu sín á milli, en árlega getur samstarfið af sér meira en 4500 þætti.

Aðilar að samstarfinu eru DR (Danmörku), NRK (Noregi), SVT (Svíþjóð), Yle (Finnlandi) og RÚV (Íslandi) ásamt fjórum tengdum aðilum: KNR (Grænlandi), KVF (Færeyjum), UR (Svíþjóð) og Sveriges Radio (SR, Svíþjóð).